


# HJARTAVERND





## Hvað segir kokkurinn um Jurta?

„Ég er alltaf ánægður með árang-urinn, þegar ég nota Jurta-smjörlíki. Jurta er bragðgott og laðar fram ljúffengan keim af öllum mat. Þess vegna mæli ég eindregið með Jurta smjörlíki.“

 smjörlíki hf.



# HJARTAVERND



2. TÖLUBLAÐ  
8. ÁRGANGUR  
1972

## EFNISYFIRLIT:

### ÁVARP

Próf. Sigurður Samúelsson

### HVERNIG BREGÐAST SKAL VIÐ BRÁÐRI KRANSÆÐASTÍFLU

Snorri P. Snorrason

### ÞAÐ ERU FLEIRI SJÚKDÓMAR EN KRANSÆÐASTÍFLA

Viðtöl við tvo hjartasjúklinga

### REYKTUM FYRIR 810 MILLJÓNIR Á SÍÐASTA ÁRI

Línurit yfir tóbaksnotkun

### KRANSÆÐASJÚKDÓMAR; HÆTTUPÆTTIR OG VARNIR

Próf. Sigurður Samúelsson

### YFIR 20 ÞÚSUND

### HAFA VERIÐ RANNSAKAÐIR

Viðtal við Ólaf Ólafsson lækni

### 70 % KARLA 34 TIL 40 ÁRA REYKJA

Viðtal við Ottó Björnsson tölfraðing

### FYRSTU NIÐURSTÖÐUR

### AF LANGVINNRI MEÐFERÐ

### MYND AF HJARTASJÚKLINGI

Dr. Gösta Tibblin

ÚTLIT OG KÁPA: AUGLÝSINGASTOFAN HF.

GÍSLI B. BJÖRNSSON, LÁGMÚLA 5

SETNING OG PRENTUN: ÍSAFOLDARPENTSMIÐJA HF.

ÚTGEFANDI: HJARTAVERND, LANDSSAMTÖK  
HJARTA- OG ÆÐAVERNDARFÉLAGA Á ÍSLANDI

RITSTJÓRAR:

SNORRI P. SNORRASON LÆKNIR OG NIKULÁS SIGFÚSSON

AFGREIÐSLA BLAÐSINS: SKrifstofa HJARTAVERNDAR,  
AUSTURSTRÆTI 17, VI. HÆÐ — SÍMI 19420

HJARTAVERND

# Ávarp

Eftir Sigurð Samúelsson, próf.

- 3 ● Að tilhlutan Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) var aprílmánuður eins og undanfarin ár heilsuverndarmánuður og var aprílmánuðurinn í ár helgaður baráttu gegn hjartasjúkdómum í öllum löndum heims. Af þessu tilefni hefir landlæknir, dr. Sigurður Sigurðsson, á vegum heilbrigðisþjónustunnar, beðið mig að minnast þessa starfs með nokkrum orðum, en dagurinn 7. apríl 1972, er af WHO ákveðinn sem „hjartadagur heimsins“. Einkunnarorð dagsins eru: „Hjarta þitt er heilbrigði þín“, (“Your heart is your health”), sem hljóma mundi betur „hraust hjarta – heilbrigði líf“.
- 5
- 7
- 9
- 10 ● Dr. M. G. Candau, aðalforseti WHO hefir í tilefni hjartadagsins flutt erindi, sem sent er öllum heilbrigðisþjónustum og hjartaverndarfélögum. Þar segir hann m. a.: „Þótt aukin tíðni hjarta og æðasjúkdóma af völdum æðakölkunar sé að sumu leyti sökum hækkandi æfialdurs manna verður kransæðasjúkdómurinn stöðugt tíðari meðal yngra fólks“. Þá kemst aðalforseti Dr. Candau réttilega að orði, er hann segir: „Kölkunarsjúkdómar í hjarta (eða kransæðasjúkdómur) fylgja allsnægtunum“.
- 15
- 19
- 20
- 21
- Eins og kunnugt er, hefir hin svokallaða vestræna menning haft víðtæk áhrif við útrýmingu vissra sjúkdómaflokka, svo sem smitnæmra sjúkdóma. Hins vegar er allt annað uppi á teningnum, þegar litið er á tíðni kransæðasjúkdóms, sem magnast hefir í öllum þessum þjóðfélögum og grípur nú niður í raðir þritugra karla. Um þetta atriði segir aðalforsetinn: „Til að fyrirbyggja þennan sjúkdóm þarfust lífshættir okkar víðtækra breytinga og til þess að framkvæma þær verðum við að fá til umráða alla þá hjálpað vísinda og tækni, sem völ er á.

- Ekki leikur vafi á, að í náinni framtíð hlýtur verkefni hinnar fyrirbyggjandi læknisfræði að skipa veglegan sess í heilbrigðismálum þjóðarinnar eins og nú tilkast víða í nágrannalöndum. Á ég hér við varnaraðgerðir, sem beitt er gegn ýmsum hættuþáttum, sem þekktir eru af að hafa æðakölkun í för með sér, sem enda með kransæðastíflu, heilablóðfalli. Svo og eftirlit með lungnasjúkdóum af völdum reykinga, sem oft leiða til langvinnrar hjarta og lungabilunar.
- Langt er frá, að vísindamenn hafi komið til botns í, hver sé frumorsök æðakölkunar. Hins vegar eru læknar sammála um, að kransæðakölkun eigi sér stað hjá ungum körlum bæði á æsku og unglingskeiði og löngu áður en nokkur sjúkleg einkenni hafi komið í ljós.
- Ljóst er því, að kransæðasjúkdómur hefst á unga aldrí og virðist oft fylgja ættum.

## RANNSÓKNARSTÖÐ HJARTAVERNDAR

LÁGMÚLA 9 - VI. HÆÐ  
SÍMI 82560

OPIN 8-17  
LOKAÐ LAUGARDAGA


HJARTAVERND

- Um þetta segir dr. Candau, forseti WHO: „Við þörfnumst hollari næringar og heilbrigðari lífsvenja. Nauðsynlegt er að efla rannsóknir, sem leiða kunna í ljós það sem ekki er vitað um orsakir æðakölkunar og kransæðasjúkdóms. Vissir hættuþættir eru þekktir meðal ungs fólks og þarf að auka fyrirbyggjandi aðgerðir meðal yngra fólks og jafnvel hjá börnum og unglungum svo að þau hljóti hinn æskilegasta og bezta þroska“.
- „Til þess að þetta megi takast, er aukin þörf á alþjóðlegu átaki í þessum efnum, svo og styrk frá ríkisstjórnum og ákveðinni þátttöku heilbrigðisyfirvalda og almennings“.
- Að lokum vil ég benda á, að í flestum nágrannalöndum eru hjarta- og æðasjúkdómar um 50%, eða helmingur af dánarorsökum. Við hér á landi nálgumst nú þá tölu og er kransæðadauðinn á Íslandi samkvæmt síðustu heilbrigðisskýrslu frá árinu 1968 tæp 30% og hefir farið jafnt og þétt hækkandi. Er því mikið starf að vinna í þessum efnum, og þarf að snúa sér að unga fólkini bæði með rannsóknir á vissum hættuþáttum, sem leitt gætu í ljós byrjandi kransæðasjúkdóm svo og að fá ungt fólk til að ganga á undan með góðu forðæmi í fyrirbyggjandi aðgerðum. Ég trúi því, að það muni takast.
- Þá að síðustu, munið einkunnarorð hjartadagsins:

**Hraust hjarta – heilbrigrt líf.**

# Hvernig bregðast skal við bráðri kransæðastíflu

Á undanförnum árum hafa orðið miklar framfarir í lækningu sjúklinga með bráða kransæðastíflu. Áður dóu um 30 % sjúklinga, sem fengu bráða kransæðastíflu og voru lagðir á sjúkrahús, en nú er þessi tala komin niður í 15 til 20 % víðast hvar. Þessi árangur er fyrt og fremst að þakka nýjum aðferðum við að ráða bót á lífshættulegum hjartatruflunum, sem fylgja í kjölfar kransæðastíflunnar. Í þessu skyni hefur við flesta stærri spítala verið komið á fót sérstökum hjartagæzludeildum, en bessar deildir eru útbúnar tækjum og starfsliði til þess að greina hjartsláttartruflanir, strax og bær gera vart við sig, og ráða bót á þeim samstundis og einnig til að koma í veg fyrir lífshættulegar hjartsláttartruflanir. Það er vitað, að á fyrstu klukkustundunum eftir að sjúklingur veikist af bráðri kransæðastíflu, þá er langmest hætta á alvarlegum hjartsláttartruflunum. Það er því mjög áriðandi, að sjúklingarnir komist sem allra fyrst undir læknishendi og fái viðeigandi meðferð. Athuganir hafa sýnt, að þar sem ekki er vel fyrir þessu séð, deyr um helmingur þeirra sjúklinga, sem deyja úr kransæðastíflu, áður en þeir komast í sjúkrahús. Langsamlega flestir þessara sjúklinga deyja úr hjartsláttartruflunum, sem valda því, að hjartað hættir að dæla blóði út í líkamann. Þessir sjúklingar deyja svokölluðum skyndidauða. Talið er að bjarga megi verulegum hlutum þessara sjúklinga, ef tekst að koma þeim nögu snemma í hjartagæzludeild. Í þessu skyni hafa sumar þjóðir útbúið sjúkrabíla með hjartagæzlutækjum og sérþjálfuðu starfsliði til að annast gæzlu hjartasjúklinga, áður en komið er í sjúkrahús. Með þessum hætti hefur tekist að bjarga allmögum sjúklingum á leiðinni til sjúkrahúss. Málið er þó engan veginn auðleyst, því að það eru mörg atriði, sem geta orðið til að tefja fór sjúklingsins á sjúkrahús. Venjan hefur verið sú, að þegar sjúklingurinn veikist, annaðhvort í heimahúsum eða á vinnustað, að fyrst er



Snorri P. Snorrason,  
læknir

hringtí lækni, síðan kemur læknirinn í sjúkravitjun, því næst – ef sjúklingurinn þarf að leggjast á sjúkrahús – þá er hringt eftir sjúkrabíl. Oft vill verða töf á því, að það náist í lækni, og einnig getur dregið, að læknirinn komi í sjúkravitjun vegna mikilla anna. Bið eftir sjúkrabíl getur einnig orðið veruleg undir sumum kringumstæðum. Allt þetta getur tafið alltof lengi, að sjúklingur fái viðeigandi lækningu, og getur það orðið afdrifaríkt fyrir hann.

Ýmsum virðist sem framangreint fyrirkomulag sé ófullnægjandi og raunar úrelt, þegar um er að ræða sjúklinga með bráða kransæðastíflu, og það sé því tímabært að endurskipuleggja innlagningu þessara sjúklinga á sjúkrahús.

Önnur hlið þessa máls snýr að sjúklingnum sjálfum. Það er vitað, að oft liður langur tími, frá því að sjúklingur veikist af bráðri kransæðastíflu, þar til hann kallað í lækni. Gerðar hafa verið athuganir á þessu í Bandaríkjunum og ýmislegt athyglisvert komið í ljós. Aðaleinkenni bráðrar kransæðastíflu er verkur í brjóstholi, og það sýnir sig, að marginir sjúklinga, sem veikjast með verk, vilja ekki viðurkenna, að þeir séu alvarlega veikir, og draga því jafnvel klukkustundum saman að kalla á lækni. Sumir eru orðin fárveikir, þegar þeir láta tilleiðast, að kallað sé í lækni, aðrir gera þetta eingöngu fyrir atbeina viðstaddir aðstandenda eða annarra. Mesta hættan á alvarlegum hjartsláttartruflunum er fyrstu 4 klukkustundirnar, en athuganir hafa sýnt, að meira en helmingur sjúklinga, sem veikjast af bráðri kransæðastíflu, bíður lengur en 4 klukkustundir með að afla sér læknishjálpars og í mörgum tilfellum bíða menn 6–12 klukkustundir, áður en þeir leita lækni.

Eins og áður er sagt, virðist svo, að þeir, sem þráast lengi við að leita læknishjálpars, vilji ekki viðurkenna, að þeir hafi kransæðasjúkdóm. Aðrir sjúklingar telja, að kransæðasjúkdómur sé svo alvarlegur, að

það skipti engu máli, hvort leitað sé læknis eða ekki. Í öðrum tilfellum halda menn, að um meinlausan verk sé að ræða, t. d. frá meltingarfærum, og telja því ekki ástæðu til að leita læknis.

Eins og áður er sagt, þá er mjög nauðsynlegt, að ekki dragist, að sjúklingar með bráða kransæðastíflu komist undir læknishendur, og í raun og veru væri æskilegt, að ekki liðu nema nokkrar mínútur, frá því að sjúklingur veikist, þar til hann væri lagður inn á hjartagæzludeild. Litlar líkur eru til, að sjúklingur bregði svo fljótt við, er hann veikist, nema honum séu kunnug helztu einkenni bráðrar kransæðastíflu, og þess vegna hafa menn einmitt byrjað á því að kenna almenningi þessa sjúkdómsgreiningu með því að lýsa í mjög einföldu máli helztu sjúkdómseinkennum, og í Bandaríkjunum hafa menn sums staðar hafizt handa um að kynna fyrir almenningi sjúkdómseinkennin, bæði í blöðum, útvarpi og sjónvarpi. Vonast menn til, að þessi fræðsla fyrir almenning hafi þau áhrif, að sjúklingar verði fúsari til að koma tafarlaust á sjúkrahús eða kalla í lækni, þegar þeir veikjast skyndilega með einkenni um bráða kransæðastíflu.

Hafa ber í huga, að það er til mikils að vinna fyrir sjúkling með bráða kransæðastíflu að komast án tafar í sjúkrahús, vegna þess að mikill meiri hluti þeirra, sem leggjast í sjúkrahús vegna hjartaáfalls, lifir sjúkdóminn af. Þeir, sem ekki lifa sjúkdóminn af, hafa margir hverjur dregið í margar klukkustundir að hringja til læknis og því ekki komist í sjúkrahús í tæka tíð. Þeir, sem lifa af hjartaáfall, eiga venjulega margra ára líf fyrir höndum og flestir þeirra, sem ná sér eftir hjartaáfall, geta unnið og lifað eðlilegu lífi.

Af framangreindu leiðir, að ef menn með hjartaáfall vilja færa sér í nyt hina nýju lækningsatækni, sem í mörgum tilfellum kemur í veg fyrir dauða af völdum sjúkdómsins, þá verða menn að láta læknini vita tafarlaust, þegar einkenni gera vart við sig.

Menn verða því að þekkja helztu aðvörun armerkin, gera sjálfir sjúkdómsgreininguna eftir þeim einkennum, sem fyrst gera vart við sig og leita þegar í stað læknishjálpars.

Hér á eftir er lýst helztu einkennum hjartaáfalls (bráðrar kransæðastíflu), en einnig minntz á önnur einkenni, sem mönnum hættir til að villast á (stuðzt er við plagg, sem hjartasérfræðingar í Massachusetts General

Hospital í Boston hafa útbúið til fræðslu fyrir almenning).

**Þegar eftirfarandi einkenni eru til staðar, er mjög ólíklegt, að um kransæðasjúkdóm sé að ræða:**

**Eftirfarandi einkenni benda til, að um kransæðastíflu sé að ræða:**

Mikill langvarandi sársauki (verkur) undir bringubeini, sem stendur a. m. k. 5–10 mínútur.

Sársaukinn er venjulega mikill og þungur, en getur verið vægur, svipar þá til brjóstsviða eða magaverks. Þessu getur fylgt sviti og mikið magnleysi og örsjaldan öndunarerfiðleikar.

Þennan verk fyrir brjósti leggur stundum út í axlir eða handleggi (einkum vinstri handlegg), sjaldnar upp í háls og kjálka og mun sjaldnar aftur í bak eða niður í kviðarhol.

Þegar framangreind einkenni gera vart við sig, er rétt að hringja tafarlaust til læknis. Þótt rannsókn leiði í ljós, að ekki sé um kransæðastíflu að ræða, þá eru einkennin það alvarleg, að það er full ástæða til að leita læknis og ganga úr skugga um, hvers eðlis þau eru.

Ef verkurinn helzt lengur en 10 mínútur og eykst stöðugt, bannig að hann verður óþolandi, þá eru mjög miklar líkur á, að um bráða kransæðastíflu sé að ræða.

Snöggur og nístandi sársauki í brjóstholi eða brjóstvegg, sem stendur ekki lengur en nokkrar sekúndur eða endurtekur sig hvað eftir annað.

Ef sársaukinn ágerist við djúpa öndun. Ef sársaukanum fylgja eymsli, sársaukasvæðið er aumt viðkomu. Ef samfarasársaukanum koma erfiðleikar við að draga djúpt andann og dofi í fingrum og tám gerir vart við sig.

Þegar um framangreind einkenni er að ræða, er afar ólíklegt, að nokkur hætta sé á ferðum og bráði læknishjálp því ónauðsynleg.

Af framangreindu er ljóst, að ef takast á að veita sjúklingum með bráða kransæðastíflu fullnægjandi meðferð í tæka tíð, verður að koma þeim tafarlaust í sjúkrahús.

Því takmarki verður bezt náð með því að endurskipuleggja fyrstu læknishjálp og sjúkraflutninga og fræða almenning um byrjunareinkenni bráðrar kransæðastíflu á þann hátt, sem drepið er á í grein þessari.

Þessu verður því aðeins komið í framkvæmd, að heilbrigðis-yfirvöld, læknar og allur almenningur láti málið til síntaka.

# Það eru fleiri hjarta-sjúkdómar en kransæðastífla

Það eru fleiri sjúkdómar en kransæðastífla, sem hrjá menn. Á síðustu árum hafa orðið miklar framfarir í læknингum ýmissa hjartagalla. Blaðið ræddi við two menn, sem farið hafa utan til að leita sér lækninga á meðfæddum hjartagöllum. Eftir langt, og stundum erfltt sjúkdómstímabil, hafa þeir báðir komið til góðrar heilsu.

Páll Jónsson er 43 ára gamall skrifstofustjóri Innheimtudeildar Ríkisúavarpsins. Hann var með ónýta loku í ósæð, og var það fæðingargalli. Ekki fór þó að bera verulega á sjúkdómnum fyrr en fyrir tíu árum. Páll varð mædinn og máttleysi gerði vart við sig. Síðasta árið fyrir aðgerðina fór vatn að setjast í lungun. Hann tók lyf til að auka og jafna hjartsláttinn, og til að losa vatn úr líkamanum. En þetta nægði ekki, og þá var ekki til setunnar boðið. Páll fór til Bretlands, þar sem honum var komið í Hammersmith-sjúkrahúsið. Þar var gerð á honum hjartaaðgerð; gamla lokan fjarlægð og ný sett í staðinn. – Sú nýja var smíðuð í Bandaríkjum og á óvísindalegan hátt er hægt að lýsa henni þannig: Plastgrind, sem í er stálkúla, er hleypur til og frá og opnar og lokar fyrir blóðrennslið rétt eins og gamla lokan gerði. Aðgerðin tók átta og hálfa klukkustund, og var Páll í lungna- og hjartavél á meðan. Hann var skorinn 10. maí í fyrra, og var kominn heim til Íslands eftir 19 daga. Eftir þrjá mánuði var heilsan



Pál Jónsson, skrifstofustjóri

eitthvæð, var svarið: „Þú deyrð ekki af bilun í þessari loku. Þú getur líka selt hana fyrir jarðarförinni. Hún kostaði 145 sterlingspund.“ Þetta var W. P. Clealand, frægur hjartaskurðlæknir, sem hefur skorið upp marga Íslendinga. Um kostnaðinn við að fá heilsuna aftur sprýr enginn, en um 35 manns störfuðu við aðgerðina.

komin aftur, og engar eftirstöðvar. Þegar Páll spurði lækninn hvort von væri til þess að þessi nýja loka dygði

Flestir Íslendingar kannast við Helga Sæmundsson, ritstjóra, en þeir eru líklega færri, sem vita, að hann átti um árabil við mjög erfiðan hjartasjúkdóm að stríða.

Þegar Helgi var sex ára gamall kom í ljós, að hann var með hjartagalla; gat á milli hjartahólfra. Síðar kom í ljós annar galli, og var hann á að við hjartað. – Helgi fæddist árið 1920, en það var ekki fyrr en árið 1965 „að gert var við mig“, eins og Helgi orðar það. Þá hafði sjúkdómurinn tekið á

sig házkalega mynd og Helgi fékk slæm „köst“. Á líkamanum myndaðist bjúgur, hann varð að nota sterk lyf og starfsþrekið þvarr. – En svo var það árið 1965, að Helgi fór til Bandarískjanna, og lagðist upp í sjúkrarúm í því fræga sjúkrahúsi „Mayo Clinic“. Þar var gert við báða gallana. „Þetta var eins og að vera fluttur úr myrkri yfir í ljós“, segir Helgi.

Við uppskurðinn voru notuð nýtæki og nýjar aðferðir, sem hafa gerbreytt viðhorfum til hjartasjúkdóma. – Og Helgi segir: „Kannski verður í þessum eftum svipuð þróun á Vesturlöndum og gerðist hér á landi í baráttunni við berklana. Eftir þessa aðgerð hefi ég verið eins og allt annar maður“, segir Helgi, „en ég fæ ekki aftur það þrek, sem ég hafði glatað. Þetta minnir á það, að koma þarf fólk, sem á við svipaða sjúkdóma að striða, nógum fljótt til aðgerðar, og það þarf að undirbúa það betur en gert er“. – Þá lýsir Helgi undraverðum árangri á síðustu árum á sviði hjartaaðgerða, og ekki hvað sízt á börnum.

„Og áhættan í sambandi við aðgerð, eins og gerð var á þér, Helgi?“

„Það fer ekki mikið fyrir þeirri áhættu. 26. apríl árið 1965, á afmælisdegi Hitlers, lagðist hundraðasti sjúklingsurinn undir hnífinn til hjartaaðgerðar á „Mayo“, og hann var líka sá hundraðasti, sem slapp lifandi. Þetta er ekki eins og knattleikur, þar sem annar hver leikur vinnst“.



Helgi Sæmundsson, ritstjóri

## „Taugaróandi lyf mest áberandi“

Í skýrslu um hóprannsókn Hjarta-verndar 1967-1968 um könnun á sjúkrasögu þátttakenda með stöðluðum spurningalistum, lyfjanotkun, sjúkrahúsalegu, læknisleit og fleira, er smá kafli, sem vert væri að vekja nokkra athygli á. Þar segir orðrétt: „Meðal þeirra, er taka reglulega einhver lyf, sem spurt er um í spurningalista, er algengust notkun á lyfjum við háum blóðþrýstingi, hjartastyrkjandi lyfjum, taugaróandi lyfjum, svefnlyfjum og verkjatöflum.


Fjöldi þeirra, er taka lyf við háum blóðþrýstingi og hjartastyrkjandi lyf, er minni en eitt prósent innan við 45 ára aldur, en fer síðan vaxandi með aldrinum, og er orðinn um tíu prósent meðal sextugra karla. Svo til allir, sem taka þessi lyf, telja sig vera undir læknishendi.

Hins vegar telur helmingur þeirra, er taka reglulega taugaróandi-, svefn-, eða verkjalyf, sig ekki vera undir læknishendi. Af þessum lyfjum er notkun taugaróandi lyfja mest áberandi, og svipuð í öllum aldursflokkum, eða um sjö prósent“.

# Reyktum fyrir 810 milljónir á síðasta ári

Þetta línurit sýnir þær breytingar, sem orðið hafa á tóbaksnotkun hér á landi á tíu ára tímabili. Við þessar tölu má þó vafalaust bæta nokkru, þar eð ekki er talið með það tóbak, sem kemur inn í landið eftir öðrum leiðum en um Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.

Því má bæta við, að á síðasta ári, 1971, seldi Áfengis- og tóbaksverzlunin rúmlega 253 milljónir vindlinga, og lætur nærri, að það séu rúmlega 1240 vindlingar á hvert mannsbarn í landinu. Þá voru seld rúmlega 66 þúsund kílógrömm af reyktóbaki, eða rúmlega 66 tonn, og rösklega 13 milljón vindlar. Í allt þetta tóbak eyddu Íslendingar 810 milljónum kr. Fyrstu fjóra mánuði þessa árs hafa verið seldir um 90 milljón vindlingar, 21 þúsund kg af reyktóbaki og 4,7 milljón vindlar.



Tóbaksnotkun Íslendinga 1960-'70, samkvæmt upplýsingum Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins um sölu tóbaks á tímabilinu.  
(Úr skýrslu v. hóprannsókn Hjartaverndar 1967-'68. Reykingavenjur íslenzkra karla 34-61 ára).

# Kransæðasjúkdómar hættubættir og varnir

Kransæðasjúkdómurinn er sá hjartasjúkdómur, sem siglt hefir í kjölfar nútíma þjóðfélags, aukizt þar mjög að tíðni, og má með sannnefni heita faraldur þess.


Hin mikla og vaxandi tíðni þessa sjúkdóms meðal vestrænna þjóða, svo og hve hann á síðustu áratugum hefir gripið um sig í röðum æ yngri manna allt til þríttugs aldursins, veldur öllum sem við þessar lækningar og rannsóknir í fást miklum heilabrotum.

Samkvæmt íslenzkum heilbrigðisskýrslum hefir dánartala af völdum kransæðasjúkdóma farið jafnt en hægt vaxandi og má því ætla, að ef fyrir lægju tölur ársins 1971, að þessi dánartala væri um  $\frac{1}{3}$  hluti allra dánarorsaka landsmanna. Séu teknir með allir aðrir hjarta og æðasjúkdómar, er dánartalan röskur helmingur allra dauðsfalla á landinu, eða 50 %. Hér er því um sjúkdómaflokk að ræða, sem er lang mannskæðastur allra sjúkdóma hérlandis, en sá næsti á þessum lista, sem er krabbamein alls konar, er vart hálfdrættingur samkvæmt heilbrigðisskýrslum.

Enginn sjúkdómsflokkur leggst því með meiri þunga á íslenzkt þjóðfélag og krefst aðgerða af völdum heilbrigðisyfirvalda, sem að mínum dómi hljóta fyrst og

fremst að felast í rannsókn vissra hættuþáttu eða hættumerkjá meðal ungs fólks, en þessir hættubættir eru bekktir að því að hafa aukna tíðni kransæðasjúkdóms og æðakölkunar í för með sér og fari þeir fleiri saman hjá einni og sömu persónu, er tíðni kransæða sjúkdómsins margföld. Þetta er reynsla þeirra, sem lengst hafa stundað faraldsfræðilegar hóprannsóknir á þessu sviði eða um 20–30 ára skeið, svo sem í Bandaríkjunum.

Nýlega barst mér í hendur ein tak af tímariti alþjóða hjartafélagsins og er þar athyglisverð grein frá læknum Myasnikow's hjartastofnunarinnar í Moskva um varnaraðgerðir gegn kransæðasjúkdómi. Greina þeir frá



Dr. Sigurður Samúelsson próf.

miklum faraldsfræðilegum rannsóknnum á kransæðasjúkdómi víðsvegar í Ráðstjórnarríkjum, leggja áherzlu á aukningu þessa sjúkdóms meðal unga fólksins, benda á mikla tíðni sjúkdómsins t. d. í Moskva, Riga og fleiri borgum. Hins vegar er tíðni sjúkdómsins margfalt minni t. d. í borginni Uzbekistan í Mið-Asíu, Ufa í Bashkiria og fleiri stöðum í miðrikjunum. Færðu þeir rök fyrir því með manneldisfræðilegum rannsóknnum, að þar sem innihald fæðu af fitu úr dýraríkinu var lágt, var tíðni kransæðasjúkdóms lág, og einnig virtist kransæðasjúkdómur koma fram 15–20 árum síðar en í áður nefndum borgum. Þeir benda á hækku fituefna í blóði, sem fyrsta hættubátt og ráðleggja takmörkun fituneyzlu. Ein setning þeirra hljóðar svo: „Í Ráðstjórnarríkjum er eftirlit með kransæðasjúkdómi og sér í lagi með varnaraðgerðum gegn honum álið mikilvægt verkefni vegna ríkisins“. Ennfremur geta þeir þess, að fimm ára framkvæmdanefnd fyrir árin 1971–1975 starfi til eftirlits með varnaraðgerðum í þessu efni. Þá segja þeir frá stofnun, sem heitir „Hjartamiðstöð allra samríkjanna í Moskva, sem er verið að byggja og lokið verður 1977. Á þar að auka og sameina allar rannsóknir á sviði hjartasjúkdóma

og kransæðasjúkdóms í Ráðstjórnarríkjunum.

Þessar rússnesku faraldfraeðilegu rannsóknir á kransæðasjúkdómi koma alveg heim við samskonar rannsóknir, sem gjörðar hafa verið í Bandaríkjunum og ýmsum löndum Evrópu. Má þar til nefna slíka rannsókn í sjö þjórlöndum, sem hinn þekkti bandaríski næringarsérfræðingur, prof. Angel Keys, stóð fyrir og birtust 1970. Niðurstöður voru þær, að tildeki kransæðasjúkdóms reyndist í hlutfalli við innihald fæðunnar af dýrafitu eða mettaðri fitu, sem sé lang lægst tildeki meðal þeirra þjóða, þar sem minnst er neyzla dýrafitu, svo sem í suðrænum löndum Evrópu. Mér er því óhætt að segja, að hin svokallaða fitukenning og hækkað fituinnihald blóðs eða blóðfita, hafa aldrei staðið fastari fótum sem hættuþættir með kransæðasjúkdóm sem fylgifisk en í dag.

Eins og kunnugt er, hefir vísendamönnum ekki tekizt að komast að frumorsök æðakölkunar. Eins og áður segir er fylgni ýmissa hættuþáttu, kransæðasjúkdóms og æðakölkunar vel kunn. Í þessu erindi gefst mér aðeins tækifæri að ræða um nokkra þessara hættuþáttu, sem alvarlegastir eru taldir heilsu manna.

#### Þeir eru:

- 1) hækkuð blóðfita.
- 2) fylgni kransæðasjúkdóms í ættum.
- 3) reykningar.
- 4) kyrrsetustörf.

Fyrstu two flokkana, hækkaða blóðfita og fylgni kransæðasjúkdóms í ættum, ræði ég í sama flokki, enda samtvinnaðir.

Nýjustu rannsóknir sanna það,

## Vélar vaka yfir mannslífum

Framfarir í læknisfræði verða m. a. fyrir tilstuðlan uppfiningamanna, er finna upp nýjar vélar og efni til notkunar í þágu læknavísindanna.

A þessari mynd, sem sýnir opna hjartaaðgerð á nýtízku frónsku sjúkrahúsi, má sjá hvernig margvíslegar vélar hafa lagt undir sig nútíma skurðstofu.

Verið er að framkvæma hjartaskurðaðgerðina. Aðalskurðlæknirinn (í miðju undir lampanum) sést ásamt tveim aðstoðarskurðlæknum. Engström öndunarvél (respirator) sést til hægri á myndinni, en raflosttæki (defibrillator) neðst til hægri. Aðstoðarmaður, sem umsjón hefur með tækjum, er að útbúa rafskaut þau, sem notuð eru við rafloststækið (neðst í miðju). Til vinstra sést áhaldaborð. Efst á myndinni bak við skurðlæknana sést stjórnandi hjarta-lungnavélar ásamt tveim aðstoðarmönnum.

(Frá Aljóðaheilbrigðismálast. WHO :12633 Mynd: P. Alamsy)



sem læknar höfðu raunar sárlega reynt, að þegar fólk deyr um fimmtugs aldur úr kransæðasjúkdómi er blóðfitan oftast hækkuð hjá systkinum og foreldrum þessara sjúklinga. Á síðustu árum eru fram komnar nýjar rannsóknar-aðferðir til nákvæmari flokkunar á tegundum blóðitu. Nú fyrir skömmu birti hið vitra, enska læknarit „Lancet“ grein um þetta efni frá læknum Hjartaspítalans í London (National Heart Hospital) og Erfðafræðistofnun í London. Birtu þeir blóðfiturannsóknir á tveim hópum fólks, karla og kvenna, þar sem annar hópurinn var nánustu ættingjar, foreldrar og systkini, kransæðastíflu sjúklinga, en hinn hópurinn, sem var hjartahraustur, valinn samskonar með tilliti til kyns og aldurs. Varð niðurstaða þeirra, að breytingar á blóðitu til hækunar hjá körlum væru fjórum til fimm sinnum tíðari meðal ættingja kransæðastíflu-sjúklinga en í við-miðunarhópnum. Útkoman úr kvennarannsókninni var sú, að meðal ættingja kransæðasjúklinga voru rösklega helmingi fleiri konur með hækkaða blóðitu, samanborið við viðmiðunarhópinn.

Bandarískar rannsóknir sýna, að samband hækunar blóðitu og kransæðasjúkdóms er mikið hjá yngra fólk, sem komið er með breytingar í kransæðar en lítil sem engin einkenni hafa um sjúkdóminn. Í þessum hópi 100 karla og 34 kvenna í Boston reyndist blóðituhækun í meira en helming hópsins.

Við slíka rannsókn, sem hér um

getur, er beitt einni nýjustu aðferð á þessu svíði, sem fólgin er í innsþýtingu skuggaefnis í kransæðar og framkvæmd er í sérstökum tækjum. Slíkar rannsóknir er nú hægt að framkvæma í hjartaþræðingardeild Lundúna-spítalans.

Niðurstöður af blóðfiturannsóknum úr fyrstu karla rannsókn Hjartaverndar á Reykjavíkursvæðinu liggja nú fyrir og sýna hlutfallslega hátt gildi, borið saman við nágrannalönd. Leiðir það strax hugann að því, að ástæða er til að ætla, að kransæðasjúkdómur aukist jafnt og þétt, sem raun hefir á orðið.

Ef við setjum gildið 300 mg fituefnisinnihalds, þ. e. cholesterol í blóði, en það er enn hærra gildi en tíðkast að setja í Bandaríkjunum, Englandi og Noregi, er samt 10 % karla á aldrinum 35–45 ára með hækkaða blóðitu, og 15 % af körlum 45–60 ára gömlum.

Við áframhaldandi hóprannsóknir Hjartaverndar verður því um mannmarga hópa að ræða, sem þurfa á sérfræðiaðstoð að halda til fyrirbyggjandi aðgerða í þessu efni. Nátengt þessum hættuþætti er hin mikla aukning sykursýki í þjóðfélaginu, sérlega á hinu leynda stigi, sem ráða má bót á með réttum ráðleggingum um mataræði.

Sem kunnugt er, starfar rannsóknarstöð Hjartaverndar að almennum hópskoðunum og heilsufarsrannsóknum, auk þess sem aldurshópum karla og kvenna er boðið til endurnýjanda rannsókna með vissu ára

bili, til þess að reyna að komast að og fylgjast með ferli sjúkdóma meðal almennings. Því nota ég tækifærið og hvet alla, sem boðskort fá frá rannsóknarstöð Hjartaverndar að bregða skjótt við og mæta til skoðunar, og er það ekki minnst í þeirra eigin þágu.

Starfsemi Hjartaverndar beinist því að almennum heilsufarsrannsóknum, en því miður eru ekki möguleikar á að taka til meðferðar eða eftirlits, þá sem á því þurfa að halda, vegna hækunar blóðitu eða sykursýki. Til þess hefir sú stofnun ekkert bolmagn að neinu leyti, en það er aftur á móti ærið verkefni fyrir íslenzk heilbrigðisyfirvöld að skipuleggja, enda er þá komið inn á svíð hinnar fyrirbyggjandi læknisfræði, sem er sú lækningaaðferð, sem mest og bezt mun gefa í þjóðarbúið heilsufarslega séð, samkvæmt þeiri reynslu, sem fengist hefir erlendis.

Koma þarf á rannsókn blóðitu í yngri aldursflokkum fólks, t. d. frá 20–34 ára aldurs, sem tekur við af rannsóknum Hjartaverndar, en þar er fólk rannsakað á aldrinum 35–60 ára. Yrði þessi eina rannsóknaraðferð, þ. e. blóðfitumælingar, notuð sem síða á þessa aldursflokkja, jafnframt sem ættarsaga, reykingar og fleiri hættuþættir í fari þessa fólks yrðu athugaðir.

## REYKINGAR

Allir þekkja skaðseimi reykinga á lungu og hjarta. Þar hefir lækna-stéttin gengið á undan með góðu

fordæmi í þeim löndum, sem ég þekki til, og hætt sígarettureykingum, og gildir þetta eigi síður um íslenzka lækna. Áróður og umræður í fjölmáldum um skaðsemi reykinga, af félagasamtökum, heilbrigðisyfirvöldum og alþingi, virðist aðeins hafa tíma-bundin áhrif. Svo virðist sem sígarettureykingar unga fólksins, allt niður til fermingaráldurs, hafi síður en svo minnkað. Hins vegar eru líkur til, að miðaldra fólk hafi dregið í land með þessar reykingar. Vandinn er auðsjá-an- lega, hvernig bezt verður náð til huga fólksins með þennan áróður. Æskilegast væri að fá ungt fólk til þeirra starfa. Hefir okkur þar bætzt óvæntur og góður liðsauki, þar sem er félag læknana-nema við Háskóla Íslands, sem byrjað hefir herferð gegn sígarettureykingum í skólum Reykjavíkur. Eiga læknanemar miklar þakkar skyldar fyrir þetta framtak sitt.

Frá rannsóknarstöð Hjarta-verndar liggur nú fyrir skýrsla um reykinga-venjur karla á Reykjavíkursvæðinu. Við samanburð á reykingavenjum íslenzkra karla, enskra, danskra, sænskra og bandarískra, reyndust þeir íslenzku nokkurn veginn í miðið með tíðni sígarettureykinga.

Þá vil ég minna á, eins og ég hefi áður opinberlega rætt um, að við uppgjör kransæðastíflusjúklinga á lyflæknisdeild Landspítalans fyrir árin 1967, 1968 og 1969, voru allir þeir, sem þar voru vistaðir og voru undir 55 ára aldri, stórreykingamenn, þ. e. reyktu 20 sígarettur eða fleiri á

dag og við uppgjör á dánum kransæðastíflusjúklingum frá sama árabil voru stórreykingamennirnir nærrí 12 árum yngri eða dóu hlutfallslega nærrí 12 árum fyrir en þeir, sem ekki reyktu. Ekki virðast þó þessi skýru dæmi um skaðsemi sígarettureykinga fyrir heilsu og líf fólks ná til eyrna unga fólksins, en til þess liggja ýmsar ástæður, sumar þeirra mun ég geta um síðar.

## KYRRSETUSTÖRF:

Með uppbryggingu nýtízku þjóðfélags fylgir mikil aukning kyrrsetustarfa. Sem dæmi má nefna, að íslenzkar hagskýrslur frá árinu 1914 töldu yfir 80 % af körlum erfiðisvinnumenn, en 1960 var tala þeirra komin í um 50 % og líklega hefir þessi tala lækkað síðan. Við þetta bætist, að nú eru svo til allir unglungar í veturlöngu skólanámi og fram á vor, og ungt fólk fer hópum saman í langskólanám, sem aukning stúdentatölu við Háskóla Íslands sýnir ljóslega. Ekki verður það of oft endurtekið, að brýna nauðsyn ber til, að fólk stundi líkamsæfingar alls konar, hvort heldur það er sund, göngu-ferðir, skíðaferðir, líkamsæfingar hvers konar, sem stæla vöðva og auka viðnámsþrótt fólks. Gildir þetta sérlega fyrir þá, sem stunda innivinnu og kyrsetustörf. Uppgjör kransæðastíflusjúklinga sýnir skýrt þá niðurstöðu, að þeir, sem stunda kyrsetu- og streitustörf, en oftlega fer það tvennt saman, farnast mun ver en hin-

um, sem eru í einhverri líkam-legri þjálfun.

## VARNAÐAR-RÁÐSTAFANIR:

Ég hefi að framan greint frá, að með almennum heilsufars-rannsóknum hefir Hjartavernd fundið stóran hóp fólks með hækkaða blóðfitu og annan hóp með leynda og ljósa sykursýki, er þó hópur sá, sem engin bein einkenni hefir um sykursýki eða sem ég hefi kallað leynda sykursýki, langtum stærri. Um þennan hóp sykursýkis-fólks og fólk með hækkaða blóðfitu gildir það sama, að með breyttu mataræði má lagfæra þessa hættubætti, sem sé með því að minnka verulega fituneyzlu og sykurneyzlu.

Eins og nú standa sakir í íslenzku þjóðlifi og heilbrigðisháttum, virðist ekki blása byrlega fyrir þess háttar varnaðaraðgerðum, en þeim mun meiri ástæða að beina þeim eindregnu ráðlegg- ingum til þeirra, sem tveir nefndir hættubættir finnast hjá, að minnka verulega fituát og sykurt- át.

Samkvæmt hagskýrslum borðum við um 50 kg af sykri á ári, á einstakling og erum í því áti meðal hæstu í heimi. Samkvæmt nýlegri skýrslu frá Osta og smjör-sölunni jókst smjörsalan stórlega á sl. ári (44 %) og vitað er, að við til margra ára höfum verið með langmestu mjólkurdrykkju-mönnum heims. Meðan svo fer fram um næringarástand þjóðar-innar getum við verið viss um, að blóðfitan minnkar ekki í Ís-

lendingum og ekki lækkar heldur tíðni sykursýki né kransæðasjúkdóms. Allt er bezt í hófi, þannig mun bezt farnast. Sama saga er með sigarettureykingar. Þær magnast aðallega meðal ungs fólks. Ekki minnka reykingar né áfengisneyzla, þótt verðið hækki með nokkurra mánaða millibili. Nærtækasta skýringin er sú, að unglingsar og allur almenningur hefir góð fjárráð og bess vegna er við ramman reip að draga. Strax og harðnar á dalnum fjárhagslega hjá almenningu verða eðlilega sigarettukaupin fyrst fyrir og þau eru minnkuð.

Með samræmdu átaki kunnáttumannar og í samvinnu við heilbrigðisyfirvöld, er ástæða til bjartsýni með skipulag bessara

mála, þegar komnar verða á stofn ráðleggingarstöðvar fyrir þá hópa fólks, sem fundizt hafa hjá vissir hættubættir, sem þekktir eru að geta haft kransæðasjúkdóm í för með sér.

Alþjóða heilbrigðismálstofnunin hefir í ár helgað apríl mánuð baráttu gegn hjartasjúkdómum. Af því tilefni vil ég minnast merklegrar fjársöfnunar, sem Blaðamannafélag Íslands hefir hleypt af stað, en það er fjársöfnun fyrir svokölluðum „hjartabíl“. Bíll þessi, sem tekinn hefir verið í notkun í flestum nágrannalöndum okkar, á alltaf að vera tilbúinn til skyndisjúkraflutninga. Hann er útbúinn öllum nýtízkum tækjum til að halda fólk í lifandi, sem er í sjokki eða losti, þar til það kemst í gjörgæzludeild á

sjúkrahúsi. Sömu sjúkraflutningshættir gilda um alls konar skyndislys. — Skal ég taka nærtækt dæmi. — Nýlega andaðist í Reykjavík drengur eftir drukknun í einni sundlaug borgarinnar. Í uppgjöri frá Borgarspítalanum í Oslo, en þar hefir verið rekinn slíkur bíll undanfarin ár, er þess getið, að helmingi allra drukknunartilfella þar hafi tekizt að bjarga eftir tilkomu þessa „hjartabíls“, og sé það miklu hærra hlutfall en áður var. Mér þætti líklegt, að hjartabíllinn gæti þjónað öllu stór Reykjavíkursvæðinu og Suðurnesjum, og á því landsvæði munu búa um 120 þús. manns. Árið 1971 léust tæplega 190 manns á þessu svæði úr kransæðastíflu, en **70 þeirra léust í heimahúsum**, án þess að komast í sjúkrahús. Segir það sína sögu.

Ég heiti því á fyrirtæki, félagsamtök, klúbba og fólk almennt í Reykjavík, Hafnarfirði, Keflavík, Sandgerði og Grindavík, að bregðast vel við og láta fé af hendi rakna til þessa mannúðarmáls, því að slíkur vel útbúinn „hjartabíll“ hefir erlendis alls staðar, sem ég til þekki, bjargað mörgum mannlífum árlega og á áreiðanlega eftir að gjöra það sama hérlandis. Verum því samtaka um að eignast sem fyrst „hjartabíl“.

Alþjóðaheilbrigðismálstofnunin hefir valið einkunnarorð hjartadagsins og hjartamánaðarins. Vil ég enda með þeim:

**„Hraust hjarta – heilbrigrt líf“.**



Þetta er svonefndur hjartabíll, svipaður þeim, sem Blaðamannafélag Íslands safnar nú fyrir. Þennan bíll má einnig nota í ýmsum slysatilvikum.

HJARTAVERND


# Um 22 þúsund hafa verið rannsakaðir

Rannsóknarstöð Hjartaverndar í Reykjavík hefur starfað frá haustinu 1967. Grundvöllinn að stofnun hennar lagði Hjartavernd, sem byrjaði að starfa árið 1964, og hafði á verkefnaskrá sinni að koma á fót rannsóknastöð og þá fyrst í Reykjavík. Sex milljónum króna var safnað meðal áhugamanna undir forystu Sigurðar Samúelssonar, prófessors, sem var aðalhvatamaðurinn að stofnun Hjartaverndar. Ráðið var í kaup á tveimur hæðum í húsinu Lágmúla 9, og önnur innréttuð sérstaklega sem rannsóknarstöð. Fjármunir, sem söfnuðust ásamt svokölluðu tappajaldi, nægðu einir fyrir kaupum á nauðsynlegum tækjakosti. Stöðin tók formlega til starfa í október 1967. Starfslið voru tveir læknar, líf-

efnafræðingur, yfirhjúkrunarkona ásamt tveimur öðrum hjúkrunarkonum og þremur meinatæknum, ritara, móttökustúlkum og rannsóknastúlkum. Þá hefur Ottó Björnsson verið tölfraðilegur ráðunautur stöðvarinnar, en Helgi Sigvaldason ráðunautur um rafreiknisvinnu. Í dag er stöðin rekin með óbreyttum fjölda starfsfólks.

## Um 22 þúsund hafa verið rannsakaðir.

Í viðtali við Ólaf Ólafsson, lækni, kom fram, að frá byrjun hafa um tuttugu og tvö þúsund manns verið rannsakaðir á vegum Hjartaverndar, en stöðvar hafa einnig verið reknar á Akranesi og Akureyri. Til reksturs stöðvar-




Veggskreyting í anddyri Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar gerð af Snorra S. Friðrikssyni, listmálara.

**HJARTAVERND**

innar í Reykjavík rennur svonefnt tappagjald, en það er ákveðin upphæð af hverri gosdrykkjarflösku, sem seld er. Tekjur af tappagjaldinu voru árið '70-'71 rúmlega sex milljónir króna. Annar tekjuliður hefur verið fyrir hendi frá árinu 1969. Vegna vaxandi dýrtíðar og tveggja gengisfellinga nægði þetta fjármagn ekki til að halda áætlun um hina kerfisbundnu rannsókn og var að frumkvæði lækna stöðvarinnar farið að taka á móti sjúklingum, er komu með tilvísanir frá læknum. Fyrir tilvísanirnar fást greiðslur úr sjúkrasamlagi, er renna óskiptar til rekstursins, og námu þær um  $3\frac{1}{2}$  milljón króna á árinu '70-'71. Auk þess voru tekjur af Happdrætti og skoðunargjaldi frá jan. '71. Leistarstöðin nýtur hins vegar ekki beins ríkisstyrks á fjárlögum. Heildarkostnaður við allan rekstur Hjartaverndar á starfsárinu '70-'71 nam 10.500.000,00.

#### Hvernig er starfað?

Ólafur Ólafsson, læknir, sér um daglegan rekstur stöðvarinnar, en vikulega eru haldnir fundir lækna, tölfraðings, framkvæmdastjóra og lifefnafræðings um öll meiri háttar mál, sérstaklega er varða kerfisbundnu rannsóknina, og



Læknar stöðvarinnar, Ólafur Ólafsson og Nikulás Sigfússon.

#### HJARTAVERND

ákvarðanir bornar undir framkvæmdastjórn. Læknar stöðvarinnar, Ólafur og Nikulás Sigfússon, hafa með höndum skoðun sjúklinga. Þeir skoða að jafnaði um þrjátíu sjúklinga á dag, og senda sjúkraskrár til heimilislækna. Yfirhjúkrunarkona er Herdís Kristjánsdóttir. Stöðinni sjálfri er skipt í móttöku, lífeðlisfræðistofu, þar sem tekið er hjartalínurit, blóðþrýstingur, öndunarpróf og fleiri mælingar gerðar, og röntgenstofu, þar sem teknar eru myndir af hjarta og lungum og augnþrýstingur mældur. Þá er efnarannsóknastofa, þar sem efnagreind eru öll blóð- og þvagsýni. Upplýsingar frá þessum deildum eru færðar á gataspjöld, sem síðan er unnið úr hjá Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar, en þar verða sjúkraskrárnar til.

#### Það, sem leitað er eftir.

Aðalverkefni stöðvarinnar er fjölhliða könnun á heilsufari, lifnaðarvenjum og ýmsum félagslegum aðstæðum fólks á aldrinum 34-61 árs á Reykjavíkursvæðinu. Leitað er því m. a. kerfisbundið að byrjunareinkennum ýmissa langvinnra sjúkdóma þ. á m. hjarta- og æðasjúkdóma. Þar sem rannsóknin nær yfir 8 ára tímabil og hópur fólks, sem rannsakaður hefur verið 2-3 var sinnum, er borinn saman við hóp, sem kemur í fyrsta skipti, má ætla að kanna megi heilsufars-, félags- og fjárhagslega þýðingu hóprannsókna.

#### Hvað finnst helzt?

„Það, sem við finnum helzt“, segir Ólafur Ólafsson, „er hækkaður blóðþrýstingur, sykursýki og truflað sykurþol, kransæðasjúkdómar á öllum stigum, gláka, þvagfærasýking, offita og járnskortur, það er blóðleysi“. – Og þá er komið að veigamikilli spurningu, sem við leggjum fyrir Ólaf:

„Hvernig stendur á því, að menn, sem hafa reynzt einkenna lausir við rannsókn hjá ykkur, hafa látit í kransæðistíflu skömmu seinna?“

„Þetta er ókannað mál, en nokkur hundraðshlutí kransæðasjúklinga deyr skyndidauða, án þess að ljósra einkenna hafi orðið vart, jafnvel við nákvæmustu lækniðskoðun. Talið er að leiðslutruflanir í hjarta valdi langflestum þessara dæðsfalla, sem flest ber svo fljótt að, að sjúklingar ná ekki að kalla á hjálp. Miklar rannsóknir fara fram á því, hvernig hægt er að bregðast við þessum vanda. Til eru þó nákvæmari rannsóknir, t. d. hjartaþræðing, en þær hafa nokkra hættu í för með sér, auk þess eru þær tíma- og fjárfrekar og því ekki


Pála Sveinsdóttir, rannsóknarstúlka fylgist með öndunarprófi.



Herdís Kristjánsdóttir, yfirhjúkrunarkona tekur hjartalínurit.



Björk Snorrassdóttir, meinatæknir, vinnur við efnagreiningu.



Herdís Kristjánsdóttir, yfirhjúkrunarkona undirbýr áreyznlu-hjartalínurit

hægt að beita þeim í hópskoðunum. Annað er, sem ég hef kynnst nokkuð oft og það er, að menn segja ekki frá niðurstöðum rannsóknarinnar á heimilum eða vinnustað, enda eru þær náttúrlega þeirra einkamál. Í Bandaríkjum hefur verið bent á, að menn með kransæðasjúkdóma séu ekki eins „gjaldgengir“ á vinnumarkaði og aðrir, en hvort sá hugsunarháttur er ríkjandi héi, vil ég ekki fjölyrða um“.

**„Segir þetta ekki þá sögu, að kransæðasjúkdómar séu mjög erfiðir viðfangs, og lítið um þá vitað?“**

„Við vitum töluvert um gang og meðferð sjúkdómsins, en lítið um orsakir æðakölkunar, sem er að flestra álið undirrót kransæðasjúkdómsins. Ýmsir vísindamenn telja, að sjúkdómurinn byrji í hjartavöðvanum. En niðurstöður margra rannsókna í vestrænum löndum benda til, að nái fylgni sé á milli kransæðasjúkdóma og ýmissa lífefna-, lífeðlisfræðilegra og lifnaðarþáttu öðru nafni „áhættuþáttu“. Margir telja, að þessir „áhættuþáttir“, t. d. hækkuð blóðfita, hár blóðþrýstingur, sígarettureykingar, mettuð fita í fæðu og streita, valdi kransæðasjúkdóum.

Það er hugsanlegt, en þó ósannað, að orsakasamband sé á milli áðurnefndra þátta og kransæðasjúkdóms. Sígarettureykingar eru t. d. mun algengari meðal Japana og sumra Miðjarðarhafsbjóða en hjá okkur, en þó eru kransæðasjúkdómar sjaldgæfir þar. Kolesterol í blóði íbúa ofan nefndra þjóða er lægri en t. d. hér. Í Finnlandi er kransæðastífla algengust í heimi, en Finnar nærast á fitusnauðari fæðu en aðrar Norðurlandaþjóðir. Það finnast frumstæðir þjóðflokkar, sem nærast nær eingöngu á mjólkurmat og sumar hverjar hafa mjög hátt kolesterol í blóði en, kransæðadauði er óalgengur. Fleiri dæmi mætti nefna. Ýmsir telja streitu vera aðalbölvaldinn, en fólk, sem ber merki um streitu hefur oft hærri blóðfita og blóðþrýting en aðrir, auk þess sem sígarettureykingar eru algengari meðal þeirra. Nýlega er lokið 5 ára rannsókn í Bandaríkjum og nokkrum Evrópulöndum (Ancel Keys). Niðurstöður eru þær, að einstaklingum með aukna blóðfita og hækkaðan blóðþrýting er hættara við sjúkdómnum, en reykingar auka ekki hættuna nema meðal Bandaríkjumanna! Þessar niðurstöður benda til þess að ekki virðast sömu áhættuþáttir hafa jafna þýðingu í öllum löndum. Nýlega hafa t. d. birzt niðurstöður af alþjóðlegum rannsóknum á vegum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, sem gefa til kynna að skortur á ýmsum málmum í fæðu t. d. chrom, cadium o. fl. geti stuðlað að æðaskemmdum. Læknar hafa ekki fórum sínum lyf, sem sannanlega geta verndað fólk gegn

kransæðasjúkdómum, en við vitum að reykingamönnum, sem eru með kransæðasjúkdóm er hætt við skyndidauða og offita, hár blóðþrýstingur og streita orsakar aukið álag á hjartað. Ráðleggingar og meðferð okkar er því í samræmi við þessa vitnesku.

Þetta rennir stoðum undir nauðsyn rannsókna hér á landi, sem eru aðeins lítill þáttur í viðamiklum rannsóknum, sem fara fram um heim allan“.

### **„Um framtíðarverkefni stöðvarinnar“,**

